



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

268. fundur stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 17. nóvember 2022 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar (2022010193)**

Hafnarstjóri fór yfir rekstrarstöðu hafnarinnar fyrstu tíu mánuði ársins.

**2. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar árið 2023 (2022080336)**

Hafnarstjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2023 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir þær fjárfestingar sem fara þarf í á komandi árum. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2023 ásamt áætlun vegna árána 2024-2026.*

**Samþykkt samhljóða.**

**3. Starfsáætlun Reykjaneshafnar vegna ársins 2023 (2022110318)**

Hafnarstjóri fór yfir drög að starfsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2023. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun Reykjaneshafnar vegna ársins 2023.*

**Samþykkt samhljóða.**

**4. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar (2020030194)**

**Smábátahöfnin í Grófinni.** Verkfundargerð 2 vegna endurbóta á mynni hafnarinnar sem varð fyrir skemmdum í óveðri á fyrri hluta ársins 2020. Fram kom að framkvæmdinni er lokið.

**Lögð fram til kynningar.**

**5. Lóðir Reykjaneshafnar (2020050288)**

a. **Grófin 2a.** Drög að samkomulagi milli Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar varðandi þróun á hluta lóðarinnar Grófin 2a ásamt landi við smábátahöfnina í Gróf. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi enda fellur það vel að stefnumótun Reykjaneshafnar sem fram kemur í skýrslunni **Reykjaneshöfn 2030 – framtíðarsýn.** Hafnarstjóra er falið að undirrita samkomulagið.*

**Samþykkt samhljóða.**

b. **Hafnarbakki 9.** Fyrir liggur kauptilboð dags. 09.11.22. um lóðina Hafnarbakki 9, fasteignanúmer F209-4106 en Reykjaneshöfn hefur forkaupsrétt að viðkomandi eign. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að falla frá viðkomandi forkaupsrétti.*

**Samþykkt samhljóða.**

- c. **Samráðsnefnd.** Stjórn Reykjaneshafnar og umhverfis- og skipulagsráð Reykjaneshafnar ásamt starfsmönnum viðkomandi aðila fóru í vettvangsferð um hafnarsvæði Reykjaneshafnar þann 15. nóvember sl. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar óskar eftir því við umhverfis- og skipulagsráð Reykjaneshafnar að aðilar skipi sameiginlegan samráðshóp með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila til þess að vinna að skipulagi og þróun hafnarsvæða Reykjaneshafnar í samræmi við þá stefnumótun sem fram kemur í skýrslunni **Reykjaneshöfn 2030 – framtíðarsýn**. Fulltrúar stjórnar Reykjaneshafnar í samráðshópnum eru Hjörtur M. Guðbjartsson og Sigurður Guðjónsson.*  
**Samþykkt samhljóða.**

**6. Hafnasamband Íslands (2022021139)**

Fundargerð 446. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 26.10.22.

**Lögð fram til kynningar.**

**7. Hafnasambandsþing 2022 (2022080337)**

Farið var yfir framkvæmd og niðurstöður Hafnasambandsþings 2022 sem haldið var í Snæfellsbæ þann 27. og 28. október sl.

**8. Skemmtiferðaskip (2022060312)**

Farið var yfir framkvæmd vinnustofu sem haldin var 16. nóvember sl. í Hljómahöll í tengslum við markaðssetningu Keflavíkurhafnar fyrir smærri skemmtiferðaskip. Jafnframt var farið yfir næstu skref í þeirri vinnu.

**9. Norðurál Helguvík ehf. (2020080524)**

Farið var yfir stöðu mála er varða þrotabúið.

**10. Suðurnesjabær (2022040146)**

Bréf dags. 04.11.2022 frá Suðurnesjabæ þar sem bent er á að tillaga að aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 liggja fyrir og er þeim sem eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að koma með ábendingar og gera athugasemdir til 23. desember n.k.

**Lagt fram til kynningar.**

**11. Upplýsingagjöf hafnarstjóra (2022010197)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55.**